

um undirbúning heildaráætlunar í þeim tilgangi að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gísli Jónsson, Gísli Guðmundsson, Magnús Jónsson, Eiríkur Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson, Jón Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að heildaráætlun um framkvæmdir í þeim landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa sökum erfiðra samgangna og skorts á raforku og atvinnutækjum.

Að slíkum undirbúningi loknum skal ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi tillögur sínar um nauðsynlegar framkvæmdir. Skulu þær stefna að því að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins og tryggja sem mest framleiðsluafköst þjóðarinnar.

Fiskifélag Íslands, Búnaðarfélag Íslands og Landssamband iðnaðarmanna skulu vera ríkisstjórninni til aðstoðar við starf þetta.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þótt framfarir hafi á síðustu áratugum orðið miklar í þessu landi, fer því víðs fjarri, að aðstaða allra landsmanna hafi verið bætt jafnmikið í starfi þeirra og lífsbaráttu. Leiðir það m. a. af því, að þjóðin hefur haft yfir mjög takmörkuðu fjármagni að ráða. Ómögulegt hefur verið að bæta í senn úr þörf allra landsmanna fyrir margvíslegar umbætur. En önnur veigamikil ástæða þess er einnig sú, að oft hefur brostið mjög á heildaryfirsýn yfir þarfir þjóðarinnar. Framkvæmdir hennar hafa því stundum orðið handahófskenndar um of. Þess hefur ekki verið gætt nægilega, að í þessu stóra og strjálbýla landi verður að ríkja nokkurt jafnvægi milli byggðarinnar í hinum einstöku landshlutum. Af því hefur svo leitt stórfelldari fólksflutninga, fyrst og fremst frá sveitum til sjávarsíðu, en einnig frá kaptúnum og smærri kaupstöðum til höfuðborgarinnar, heldur en þjóðfélaginu hefur verið höllt. Hið unga þéttbýli hefur ekki heldur getað snúizt nægilega greiðlega við nauðsynlegum framkvæmdum til þess að geta fullnægt þörfum þess fólksfjölda, sem þangað hefur leitað. Verður það ekki sízt ljóst af hinum tilfinnanlega húsnæðisskortri, sem ríkt hefur í höfuðborginni mörg undanfarin ár. Skortur á sjúkrahúsum, skólum og fleiri menningar- og heilbrigðisstofnunum sannar þetta einnig greinilega, ásamt árstíðabundnu atvinnuleysi, sem árlega verður vart.

Fram hjá þessari staðreynd má ekki líta, enda þótt mikil atvinna á vegum erlendra herja á stríðsárunum og verulegar framkvæmdir á vegum erlends varnarliðs, eftir að heimsstyrjöldinni lauk, hafi tryggt afkomu fjölda fólks.

En atvinnuöryggi og framtíð íslenzku þjóðarinnar getur aldrei byggzt á slíkum atvinnubótum. Hún verður sjálf að eiga atvinnutæki, sem skapa henni næga atvinnu og góð lífskjör, hvar sem hún býr í landi sínu.

Með tillögu þessari er lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að hefja nú þegar undirbúning að heildaráætlun um framkvæmdir í þeim landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa, annaðhvort vegna slæmra samgangna eða skorts á raforku og atvinnutækjum eða af þessum ástæðum öllum. Eins og kunnugt er, hafa ríkisstjórnir undanfarinna ára haft forustu um stórfamkvæmdir í þágu þéttbýlustu hluta landsins. Ræðir þar fyrst og fremst um byggingu glæsilegra raforkuvera, sem skapa munu öllu athafnalífi stórbætta aðstöðu í þessum landshlutum. Jafnframt mun hin aukna raforka skapa því fólki, sem þá byggir, aukin lífþægindi.

Fyllsta ástæða er til að fagna þessum mikilvægu framfarasporum. En engum getur dulizt, að ef ekki verður nú þegar hafizt handa um undirbúning svipaðra framkvæmda í þeim landshlutum, sem útundan hafa orðið fram til þessa, mun það hafa í för með sér stórfellda fólksflutninga og enn aukið jafnvægisleysi í þjóðlífinu. Þeim fólksflutningum er höfuðborgin og nágrenni hennar engan veginn viðbúið. Sú þróun er ekki heldur æskileg, nema síður sé, að meginhluti þjóðarinnar safnist saman á einn stað.

Til þess ber þess vegna brýnni nauðsyn nú en nokkru sinni fyrr, að skjótar ráðstafanir verði gerðar af heildaryfirsýn til þess að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Þess vegna er lagt til í þessari þingsályktunartillögu, að nú þegar verði hafizt handa um undirbúning heildarframkvæmdaáætlunar í þessu skyni og til þess að tryggja sem mest framleiðsluafköst þjóðarinnar. Er eðlilegt, að ríkisstjórnin hafi forustu um það starf og njóti við það aðstoðar heildarsamtaka aðal- atvinnuvega landsmanna.

Í þessu sambandi má geta þess, að ein frændþjóð okkar, Norðmenn, hefur talið nauðsynlegt að hafa svipaðan hátt á og hér hefur verið lagt til, að upp yrði tekinn hér. Hin mikla framkvæmdaáætlun í Norður-Noregi, sem er strjálbýlasti hluti þess lands, byggist á nákvæmlega sömu hugmynd og hér er sett fram.